

Reykjavík 28. febrúar 2023

Atvinnuveganefnd Alþingis

Stefán Vagn Stefánsson formaður

Efni: *Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (afnám tegundatilfærslu í deilistofnum botnfisks o.fl.). 596. mál.*

Vakin er athygli á umsögnum LS í samráðsgátt um málefnið. Sú fyrri 9. október 2022 um áform að breytingum á lögum og sú síðari 10. nóvember sl. við drög að frumvarpinu. Hér með er ítrekuð beiðni um að í greinargerð með frumvarpinu liggi fyrir svör við eftirfarandi:

- leyfilegur aflí í gullkarfa og grálúðu sl. fimm ár, ásamt afla hvers árs, upplýsingum um hvaða áhrif tegundatilfærslur hafi haft á hverju ári og hversu mikið hafi verið flutt milli ára.
- mat Hafrannsóknastofnunar á gildi breytinganna, það er hvaða áhrif þær hafa á viðgang og vöxt stofna grálúðu og gullkarfa.

Eins og áður hefur komið fram gerir LS ekki athugasemdir við megin markmið frumvarpsins „að koma í veg fyrir ofveiði á íslenskum deilistofnum botnfisks vegna reglna um tegundatilfærslur og tryggja þannig framfylgni milliríkjasamninga um stofnana“.

Þar sem í frumvarpinu er opnað fyrir breytingar á 11. gr. sem ekki tengjast framangreindu markmiði óskar LS eftir að til viðbótar þeim sem þar eru taldar upp verði:

- A. *Að 3. mgr. um 15% flutning milli ára taki einnig til veiðiheimilda sem fluttar eru til skips innan fiskveiðiársins.*

Útgerð margra smábáta er háð viðbótarheimildum sem leigðar eru frá öðrum skipum. Við lok fiskveiðiársins veldur það óhagræði að geta ekki flutt hluta af þeim yfir á næsta fiskveiðiár. Ákvæðið á nú eingöngu við úthlutað aflamark, þ.e. þeir sem hafa enga aflahlutdeild hafa ekki þennan rétt.



- B. 6. mgr. fjallar um að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki. Nauðsynlegt er að gera breytingar á ákvæðinu þannig að heimildin taki einnig til strandveiða.

Umræða um að allur afli rati ekki í land nær til allra útgerðaflokka. Gagnrýnt hefur verið að óheimilt sé að sleppa smáfiski sem veiddur er á litlu dýpi og veiða aftur þegar hann hefur náð viðunandi vexti. Þar til það verður heimilt er eðlilegt að ákvæði um að helmingur undirmáls teljist ekki til kvóta eigi einnig við strandveiðar, að það teljist ekki til leyfilegs dagsafla hjá viðkomandi.

- C. 8. mgr. fjallar um línuvílnun dagróðrabáta þar sem beitt er eða stokkað upp í landi. LS hefur í mörg ár krafist þess að línuvílnun gildi fyrir alla dagróðrabáta án tillits þess hvernig línan er meðhöndluð. Krafan er hér með ítrekuð jafnframt sem prósentur verði hækkaðar úr 20 í 30 og 15 í 20. Fyrir liggja rannsóknir hjá MATÍS um sótspor við línuveiðar á þorski á smábátum er að meðaltali þriðjungur þess sem það mælist við togveiðar. Umhverfissjónarmið ættu því ekki að standa í vegi fyrir því að fallist verði á að efla línuveiðar smábáta.

- D. 9. og 10. mgr. fjalla um VS-aflla. Skipstjóra heimilt að ákveða að allt að 5% aflla sem hlutaðeigandi veiðir reiknist ekki til aflamarks. Við grásleppuveiðar hefur það gjarnan átt sér stað að óvenju mikill þorskur er á veiðislóð eða kemur skyndilega á slóðina. Afleiðingar þess er að hann veiðist þá í meira mæli en æskilegt er.

LS fer þess á leit að heimild til VS-aflla við grásleppuveiðar verði 25%. Þannig væri hægt að mæta þessu vandamáli og opna hefðbundnum grásleppubátum leið til að taka þátt í vertíðinni, en margir þeirra eru án veiðiheimilda í þorski og þrátt fyrir að hafa reynt að fá leigt hefur það ekki borið tilætlaðan árangur.

Virðingarfyllt

framkvæmdastjóri